

**169. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
31. ágúst 2021 og hófst hann kl. 10:30.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2108178 - Brekkubæjarskóli- loftgæði**

Kynning.

**2. 2003147 - Covid-19 staðan á skóla- og frístundasviði**

Kynning.

*skóla- og frístundaráð þakkar góða yfirferð.*

**3. 2108082 - Uppbygging Grundaskóla- starfsmannamál**

Framhaldsumræða.

*Undanfarið hafa farið fram úttektir á húsnæði í eigu Akraneskaupstaðar og eru þessar úttektir ennþá í gangi. Því miður hafa úttektirnar leitt í ljós að verulegra úrbóta er þörf í mörgum tilvikum og röskun hefur orðið fyrir starfsfólk og íbúa kaupstaðarins. Viðbrögð stjórnenda stofnana og starfsfólks hafa verið til fyrirmyndar og eiga þau miklar þakkir skilið.*

*Nú í vor kom upp loftgæðavandamál í Grundaskóla sem bregðast þurfti við. Stjórnendur og starfsfólk brugðust við vandanum hratt og örugglega og í sameiningu tókst þeim að gera það allra besta úr erfiðum aðstæðum, bæði fyrir starfsfólk og nemendur. Starfsfólkið sýndi vinnustaðnum sínum mikla hollustu, velvild og eftirtektarverða samheldni til þess að skólastarf myndi raskast sem minnst.*

*Væntingar hafa skapast um að Akraneskaupstaður greiði starfsfólki Grundaskóla út álagsgreiðslur vegna aukins vinnuframlags og breyttra starfsaðstæðna í kjölfar loftgæðavandamála. Skóla- og frístundaráð metur það svo að starfsfólk Grundaskóla eigi að fá greitt samkvæmt kjarasamningi fyrir sitt vinnuframlag líkt og starfsfólk hjá öðrum stofnunum bæjarins.*

*Tekin hefur verið ákvörðun um að fara í stórfellda fjárfestingu í Grundaskóla til að bæta húsnæði skólans og færa það í þann búning sem nútímakröfur í skólastarfi kalla á. Það er trú skóla- og frístundaráðs að áfram verði skólabragur Grundaskóla til fyrirmyndar og að mannauður skólans blómstri enn frekar með bættri starfsaðstöðu á næstu árum.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.*

*Sign (BD, RBS, SMS, DH, FES og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.**